



# Glefsa


Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV – 1. tbl. 2016

## Væntingar fyrirtækja á Vesturlandi


Vífill Karlsson

Þjartsýni fyrirtækja á Vesturlandi færast áfram í aukana á milli ára þegar horft er til svara við spurningum, sem lúta að væntingum þeirra um framtíðina, í könnun sem gerð var í desember 2015. Það voru spurningar um breytingu á starfsmannafjölda, fjárfestingar, framtíðartekjur og aðstæður í efnahagslífinu. 262 fyrirtæki tóku þátt. Í næstu tveimur myndum eru tvískiptar súlur: Litaðar og litlausar.

### Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?




### Hvort telur þú að fyrirtækið eigi eftir fjárfesta eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?




Litaði hlutinn stóð fyrir þau fyrirtæki sem sögðust ætla að fjölga starfsmönnum eða fjárfesta. Litlaus hlutinn svaraði hvorki né. Á þessu sést tvennt. Í fyrsta lagi er meiri vilji til nýráðninga og fjárfestinga en að fækka fólki eða tækjum. Í öðru lagi er meiri vilji til fjárfestinga en nýráðninga. Þá er meiri vilji til fjárfestinga og nýráðninga nú en fyrir ári síðan. Þá eykst viljinn mest á milli ára hjá fyrirtækjum sem starfa á Borgarfjarðarsvæði.

### Telur þú heildartekjur fyrirtækisins batna á milli rekstraráranna?



### Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mán.?



Fyrirtæki í Dölunum virðast vera svartsýnni en á öðrum svæðum Vesturlands ef frá er talið hvort þau telji sig þurfa að fækka fólki. Þetta kann að tengjast óvissu sem skapaðist í rekstrarumhverfi landbúnaðarins vegna væntanlegrar endurnýjunar á búvörusamningum. Annars staðar hefur þjartsýni aukist á milli ára.

Nánari greining gaf til kynna að það væru helst fyrirtæki í byggingariðnaði og ferðaþjónustu sem vildu ráða fólk. Ferðaþjónusta og fiskvinnsla höfðu hins vegar mestan áhuga á fjárfestingum.

